



Verð íslenskra sjávarafurða lækkaði lítillega á síðasta ári

Verð íslenskra sjávarafurða mælt í erlendra mynt lækkaði um 0,8% á síðasta ári. Þetta er fyrsta lækkunin síðan árið 2017 þegar verðið lækkaði um 1%. Þar áður hafði verðið lækkað 2013 þegar lækkunin nam 4,8%. Verð á botnfiski lækkaði um 0,8% á síðasta ári en verð á uppsjávarafurðum hækkaði um 1% og skýrist verðlækkun síðasta árs því einungis af verðlækkun á botnfiski.

Lækkunina má fyrst og fremst rekja til verulegrar verðlækkunar milli fyrsta og annars ársfjórðungs þegar verðið lækkaði um 5,2% en það var mesta verðlækkun milli ársfjórðunga síðan á fyrsta ársfjórðungi 2009 en þá stóð alþjóðlega fjármálakreppan hvað hæst og verð á allflestum hrávörum lækkaði mikið. Lækkunina á öðrum fjórðungi má fyrst og fremst rekja til lækkunar á botnfiski, en hún nam 6,1%. Lækkunin á uppsjávarafurðum nam þá 1,1% en mun meiri sveiflur eru í verði uppsjávarafurða en botnfiskafurða. Efnahagsleg áhrif Covid-19-faraldursins komu inn af fullum þunga á öðrum fjórðungi. Þá lækkaði verð m.a. vegna þrýstings frá kaupendum, erfiðara gekk að flytja fiskinn til endakaupenda og almennt séð gekk útflutningur sjávarafurða brösuglega.


Verðið lækkaði um þrjú fjórðunga í röð

Verðið lækkaði um 0,6% milli þriðja og fjórða fjórðungs á síðasta ári og kom það í kjölfar 1,4% verðlækkunar milli annars og þriðja fjórðungs. Verðlækkunin á fjórða fjórðungi var því sú þriðja í röð en það að verðið hafi lækkað þrjú fjórðunga í röð hefur ekki gerst í tæplega 8 ár. Síðast lækkaði verðið þrjú fjórðunga í röð á fjórða ársfjórðungi 2012 og fyrstu tveimur fjórðungum ársins 2013.

Meiri verðlækkun á kjöti en íslenskum botnfiski


Heimsmarkaðsverð á kjöti lækkaði um 4,5% á síðasta ári og var það töluvert meiri verðlækkun en á botnfiski frá Íslandi sem lækkaði um 0,8%. Verðlækkun á kjöti varð mun meira áberandi á síðasta ári en verðlækkun á botnfiski. Þannig

Verð íslenskra sjávarafurða



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Verð á kjöti og íslenskum botnfiski




Heimild: Hagstofa Íslands



lækkaði heimsmarkaðsverð á kjöti á bilinu 2,5-5,5% á síðustu þremur fjórðungum síðasta árs. Almennt séð hefur verð á íslenskum botnfiski hækkað meira en heimsmarksverð á kjöti á síðustu árum. Þannig hefur verð á íslenskum botnfiski hækkaði um 35% frá árinu 2010 en á sama tímabili hefur heimsmarkaðsverð á kjöti einungis hækkað um 5%. Hækkun á botnfiski hefur því verið 7-falt meiri en á kjöti. Það kann að benda til ákveðinnar breytingar í neyslumynstri og að smekkur heimila sé að færast meira frá kjöti og meira yfir í fisk.

Verð á ferskum botnfiski hækkaði á ný en verð á sjófrystum hélt áfram að lækka

Sé horft á verðþróun botn- og flatfisks sést að verðið breyttist mismunandi milli 2019 og 2020 eftir vinnslutegund. Þannig lækkaði verð á sjófrystum fiski t.d. mun meira en á ferskum fiski. Verð á sjófrystum fiski lækkaði um 6,4% en verð á ferskum fiski um 1,2%. Verð á bæði ferskum og sjófrystum lækkaði verulega á öðrum fjórðungi. Þannig lækkaði verðið um 10% á ferskum fiski og 7,7% á frystum fiski. Verðþróunin á síðustu tveimur fjórðungum var hins vegar mjög mismunandi. Þannig hækkaði verðið á ný í ferskum fiski, um 5% á þriðja fjórðungi og 1,6% á fjórða fjórðungi. Verðið hélt hins vegar áfram að lækka í sjófrystum fiski um 4,8% á þriðja fjórðungi og 3,6% á fjórða fjórðungi. Verð á söltuðum botn- og flatfisk hækkaði um 0,9% og verð á þurrkuðum lækkaði um 7,3%.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.